

Hólmavík 30. ágúst 2022

Innviðaráðuneytið  
c/o Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

### **Efni: Ósk um aðstoð frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála**

Við undirrituð, fimm fyrrverandi fulltrúar í sveitarstjórn Strandabyggðar á kjörtímabilinu 2018-2022, óskum hér með formlega eftir aðstoð sveitarstjórnarráðuneytisins við að fá upplýsingar og svör frá núverandi meirihluta í sveitarstjórn Strandabyggðar.

Málið varðar ásakanir, dylgjur og rógburð í okkar garð frá Þorgeiri Pálssyni núverandi oddvita Strandabyggðar sem hefur meirihluta sveitarstjórnar á bak við sig. Við höfum árangurslaust kallað eftir svörum, en í staðinn fyrir að svara erindi okkar og fyrirspurn á sveitarstjórnarfundi 14. júní sl. voru umræddar ásakanir endurteknar. Síðan vorum við hunsuð þegar leitað var eftir svörum að nýju fyrir fund sveitarstjórnar 9. ágúst 2022 og erindi okkar ekki tekið á dagskrá. Þessi staða er óþolandi fyrir okkur, enda hefur verið vegið með þeim hætti að mannorði okkar og æru, að ekki verður við unað.

Við óskum eftir því við ráðuneyti sveitarstjórnarmála að það aðstoði okkur við að kalla fram upplýsingar um þau tilvik sem núverandi oddviti Strandabyggðar telur að réttlæti þær ásakanir sem hann hefur sett fram. Einnig óskum við eftir að ráðuneytið, þegar upplýsingar um meint brot á lögum, reglum og samþykktum liggja fyrir, rannsaki hvort við undirrituð, fulltrúar í fyrrverandi sveitarstjórn, höfum gerst sek um brot í umræddum tilvikum.

Við reynum hér á eftir að útskýra málið og aðdraganda þess eftir fremsta megni, til að ráðuneytið geti glöggvað sig á málavöxtum.

### **Aðdragandi málsins**

Við sem undirritum þetta bréf vorum kosin í sveitarstjórn Strandabyggðar vorið 2018 í persónukjöri, ýmist sem aðal- eða varamenn. Öll sátum við í sveitarstjórninni, ýmist allt kjörtímabilið eða hluta þess og síðasta árið sátum við fimm í sveitarstjórninni án varamanna. Í persónukjöri er ekki kosið á milli lista, heldur velja kjósendur þá einstaklinga sem þeir treysta til að starfa af heilindum og í þágu samfélagsins, úr hópi allra íbúa sveitarfélagsins. Í persónukjöri er oft kosið fólk sem er áberandi í atvinnustarfsemi, nýsköpun, menningarlífi eða félagsstörfum. Við teljum að við höfum gert okkar besta og unnið í þágu samfélagsins alls af heilum hug við erfiðar aðstæður.

Nú að kjörtímabilinu loknu göngum við löskuð frá borði, ráðist hefur verið að því trausti sem sveitungar okkar báru til okkar þegar við vorum kjörin til starfa. Við höfum setið undir þungum ásökunum, dylgjum og rógburði. Þessar ásakanir voru fyrst settar fram af Þorgeiri Pálssyni, sveitarstjóra sem við sögðum upp störfum í apríl 2021, en sá sami einstaklingur er nú nýkjörinn

oddviti Strandabyggðar, leiðtogi T-listans sem er í meirihluta í sveitarstjórn og hefur verið ráðinn að nýju sem sveitarstjóri Strandabyggðar.

Núverandi oddviti hefur opinberlega og ítrekað haldið því fram opinberlega að við sem sátum í fyrrverandi sveitarstjórn höfum tekið ákvarðanir sem “stangast á við sveitarstjórnarlög, samþykktir Strandabyggðar og siðareglur Strandabyggðar”. Einnig hefur hann talað um “sérhagsmunagæslu sveitarstjórnarfulltrúa og varamanna” og “óheppilegum og óæskilegum tengingum þeirra við styrkúthlutanir og aðra ráðstöfun fjármagns eða eigna sveitarfélagsins”. Sérstaklega hefur hann í þessu sambandi nefnt “alls kyns styrkúthlutanir til safna og fyrirtækja sem tengjast sveitarstjórnarfulltrúunum”. Loks hefur nýkjörinn oddviti borið fram ásakanir um að við höfum tekið ónefndar eignir sveitarfélagsins traustataki og tekið “ákvörðun um að gefa þær einstaklingum sem tengjast fulltrúum í sveitarstjórn beint”.

Þessar alvarlegu ásakanir voru fyrst settar fram í opnu bréfi til íbúa Strandabyggðar dagsettu, 21. apríl 2021, en þá hafði núverandi oddviti nýlega verið vikið úr starfi sveitarstjóra sveitarfélagsins. Þessar ásakanir voru svo endurteknaðar ítrekaðar og heldur aukið við í viðtölum við fréttamiðla, sérstaklega í viðtali við Þorgeir sem birt var í Stundinni 14. apríl 2022. Þrátt fyrir þessu hörðu ásakanir hefur aldrei komið fram hvaða tilvik nákvæmlega er átt við. Ásakanirnar eru allar í þessum dylgjástíl sem hefur síðan reynst býsna áhrifamikill grundvöllur fyrir slúðursögur og lygaþvætting sem hefur verið á flugi í samfélaginu á Ströndum.

### **Það sem við viljum fá svör um**

Þarna koma fram ásakanir í okkar garð um brot á samþykktum, reglum og lögum. Einnig eru þarna settar fram ásakanir um sérhagsmunagæslu, fjádrátt úr sveitarsjóði til stofnana og fyrirtækja í okkar eigu, auk þess sem því er haldið fram að við höfum stolið ótilgreindum eignum sveitarfélagsins til að gefa ónafngreindum einstaklingum sem tengjast okkur. Ef satt væri, brýtur þetta í bága við lög og ætti að vera rannsakað sem slíkt.

Við verðum að fá að tækifæri til að hreinsa okkur af þessum ásökunum. Til þess að geta það, þurfum við að fá að vita nákvæmlega hvað átt er við. Þess vegna sendum við nýrri sveitarstjórn Strandabyggðar erindi dagsett 31. maí 2022 og fórum fram á að fá yfirlit um í hvaða tilvikum hvert og eitt okkar, sundurliðað eftir þeim einstaklingum sem skrifa undir þetta erindi, á að hafa gerst brotlegt með þessum hætti á því kjörtímabili sem nú er liðið, á árunum 2018-2022. Við óskuðum eftir að fá skýr og skilmerkileg svör um nákvæmlega með hvaða hætti hvert og eitt okkar er ásakað um að hafa komið fjármunum sveitarsjóðs til okkar sjálfra, fjölskyldna okkar, félaga og stofnana sem við stýrum og fyrirtækja sem eru í okkar eigu. Við viljum að hvert tilvik verði tilgreint nákvæmlega, útskýrt hvaða lög og reglur hafa verið brotin í hverju tilviki, hvernig viðkomandi einstaklingur sem liggur undir þessum hörðu ásökunum kom að ákvarðanatöku og með hvaða hætti við eigum að hafa hagnast persónulega á þessum meintu afbrotum.

Fyrirspurn sem við undirrituð sendum 31. maí 2022 til nýrrar sveitarstjórnar byggði beint á þeim ásökunum sem settar eru fram í fyrri skrifum sveitarstjórnans brottrekna sem nú var nýkjörinn oddviti. Spurt var, hvernig hefur hvert og eitt okkar:

- a) Brotið gegn sveitarstjórnarlögum?
- b) Brotið gegn samþykktum Strandabyggðar?
- c) Brotið siðareglur Strandabyggðar?
- d) Í hvaða tilvikum nákvæmlega höfum við, hvert og eitt, ástundað sérhagsmunagæslu sjálfum okkur til hagsbóta?

- e) Með hvaða hætti og í hvaða tilvikum höfum við, hvert og eitt, ráðstafað fjármagni frá sveitarfélaginu í eigin þágu?
- f) Í hvaða tilvikum höfum við, hvert og eitt, úthlutað styrkjum og fjármagni frá sveitarfélaginu til safna og fyrirtækja sem tengjast okkur.
- g) Með hvaða hætti höfum við, hvert og eitt, gefið eignir sveitarfélagsins einstaklingum sem við tengjumst?

Það ætti að vera auðvelt fyrir oddvita Strandabyggðar að svara þessari fyrirspurn, hann hlýtur að hafa allar þessar upplýsingar á takteinum, fyrst hann hefur haft uppi og ítrekað ásakanir um þessi meintu brot.

Engin svör hafa ennþá borist við þessari fyrirspurn. Í fundargerð sveitarstjórnar má þó sjá að erindið var tekið fyrir á sveitarstjórnarfundi 14. júní, en þar lagði oddvitinn fram bókun þar sem í staðinn fyrir að fyrirspurninni sé svarað, eru ásakanir ítrekaðar með tilvísun í fyrri skrif. Í ljósi þess að þessar hörðu ásakanir eru með þessum hætti settar fram að nýju á sveitarstjórnarfundi, þar sem við gátum ekki borið hönd fyrir höfuð, hlýtur að vera hægt að krefjast svara með tilvísun í stjórnsýslu- og upplýsingalög og kalla eftir rökstuðningi. Að okkar mati hefur staðan þannig breyst eftir að ásakanirnar voru endurteknar á sveitarstjórnarfundinum. Röksemdir um trúnað sem settar eru fram af oddvitnum í bókuninni eru fráleitir, ef litið er til 41. gr. stjórnsýslulaga, enda snúast ásakanir hans einmitt um meint lögbrot.

Þegar ekkert svar barst, skrifuðum við og sendum inn annað erindi fyrir fund sveitarstjórnar Strandabyggðar sem haldinn var 9. ágúst sl. og óskuðum aftur eftir svörum. Nú vorum við hunsuð og oddvitinn neitaði að taka erindið fyrir. Sú ákvörðun kom þó til umræðu á fundinum þar sem minnihluti sveitarstjórnar gerði ágreining um dagskrá og fundarstjórn oddvitans. Engin svör hafa enn borist okkur við þessu síðara bréfi, frekar en því fyrra.

### **Hvers vegna erum við að þessu?**

Í fámennu sveitarfélagi eins og Strandabyggð kemur fljótt upp óþol gagnvart deilum. Nokkrir íbúar hafa spurt okkur hvers vegna við séum að þessu brölti, af hverju við látum ekki kyrrt liggja, af hverju við séum ítrekað að krefjast svara.

Svarið við þessu er í fyrsta lagi að það traust sem fólk bar til okkar þegar við vorum kosin í sveitarstjórn 2018 skiptir okkur máli. Það traust hefur nú orðið fyrir árás og er skaddað. Við erum einstaklingar sem stöndum í margvíslegum samskiptum við fólk heima í héraði og á landsvísu, við rekum fyrirtæki, við erum í forsvari fyrir nýsköpunarverkefni og við höfum verið býsna virk í menningar- og félagslífi á svæðinu. Traustið skiptir máli í öllum okkar samskiptum og viðskiptum og er undirstaða fyrir virkri samfélagsþátttöku okkar.

Í öðru lagi er augljóst að það má ekki vera auðvelt eða sjálfgefið að fólk vaði uppi með innihaldslausar ásakanir og þurfi aldrei að svara fyrir þær. Ef sú aðferð að upphefja sjálfan sig á kostnað annarra með dylgjum og lygum verður viðurkennd aðferð, leiðir það augljóslega til þess að áhugi fólks á að taka þátt í sveitarstjórnarmálum minnkar.

Stundum heyrum við líka að þetta sé nú allt saman bara pólitík, líklega er það tilraun til að slá málið út af borðinu. Því fer víðs fjarri í okkar huga að þessar hörðu ásakanir um lögbrot séu með einhverjum hætti léttvægar. Við eigum því ekki að venjast hér í Strandabyggð að fólk þurfi að sitja undir slíkum réttmæti og dylgjum og slík orðræða ætti ekki að tíðkast meðal síðaðs fólks. Málið snýst um þessar óréttmætu ásakanir, en ekki pólitík eða kosningar.

Það hljóta allir að átta sig á hversu mikilvægt það er fyrir okkur að þurfa ekki að burðast með þessar ásakanir á bakinu inn í framtíðina, eftir að hafa sinnt þeim skyldum sem felast í því að vera kosin í sveitarstjórn í persónukjöri. Við þurfum að geta svarað fyrir okkur og eftir þetta flóð af ásökunum verðum við að geta rætt um hvert meint brot fyrir sig, fá fram réttar upplýsingar og slá þannig á slúður og sögusagnir. Órökstuddar dylgjur og ásakanir eru óásættanlegar og við höfum ekki lengur færi á að verja okkur á vettvangi sveitarstjórnar.

Við sem sátum í sveitarstjórn Strandabyggðar á kjörtímabilinu 2018-2022 viljum fá tækifæri til að hreinsa okkur af þeirri árás á mannorð okkar og æru sem felst í ásökunum núverandi oddvita sveitarstjórnar Strandabyggðar. Við óskum eftir aðstoð sveitarstjórnarráðuneytisins við að upplýsa málið.

Við óskum eftir því við ráðuneyti sveitarstjórnarmála að það aðstoði okkur við að fá fram umbeðnar upplýsingar um þau tilvik sem núverandi oddviti Strandabyggðar telur að réttlæti þær ásakanir sem hann hefur sett fram. Það getur annað hvort verið með því að ráðuneytið sjálft óski eftir að fá þessar upplýsingar til sín eða skikki sveitarfélagið til að svara fyrirspurnum okkar. Í framhaldi af þeim svörum, óskum við eftir að ráðuneytið rannsaki hvort fyrrverandi sveitarstjórn hafi gert sig seka um brot á lögum og reglum í umræddum tilvikum.

Virðingarfyllst,

Jón Gísli Jónsson  
Guðfinna Lára Hávarðardóttir  
Ásta Þórisdóttir  
Pétur Matthíasson  
Jón Jónsson

## Fylgigögn:

Tengill á opið bréf Þorgeirs Pálssonar til íbúa sveitarfélagsins 21. apríl 2021  
[Yfirlýsing fráfarandi sveitarstjóra - Strandir.is](#)

Tengill á viðtal í Stundinni 14. apríl 2022  
<https://stundin.is/grein/15006/toppar-isfelagsins-vildu-kvota-i-namibiu/>

Tengill á fundargerðir sveitarstjórnar Strandabyggðar  
Fundargerð 14. júní 2022:  
[http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/sveitastjorn/Sveitarstjornarfundur\\_1333\\_i\\_Strandabyggd/](http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/sveitastjorn/Sveitarstjornarfundur_1333_i_Strandabyggd/)

Fundargerð 9. ágúst 2022  
[Strandabyggð / Fundargerðir / Sveitarstjórn / Sveitarstjórnarfundur 1335 í Strandabyggð \(strandabyggd.is\)](#)

Erindi frá bréfiturum til sveitarstjórnar Strandabyggðar dags. 31. maí 2022  
Erindi frá bréfiturum til sveitarstjórnar Strandabyggðar dags. 2. ágúst 2022